



Bæjarstjórn Garðabæjar 2. (972)/2026

Boðað er til 2. (972). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 15. janúar 2026 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2512035F - Fundargerð bæjarráðs frá 23/12 '25.
2. 2601005F - Fundargerð bæjarráðs frá 13/1 '26.
2507363 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Krókamýri 14.
2502084 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Gilsbúð 9 (Sómi) stækkun byggingareits.
2512238 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Votakur 3 – Deiliskipulagsbreyting
3. 2601003F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 7/1 '26.
4. 2512027F - Fundargerð leikskólanefndar frá 17/12 '25.
5. 2601002F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 8/1 '26.
6. 2507256 - Gjaldskrá stuðningsþjónustu Garðabæjar 2026.
7. 2512252 - Úthlutunarreglur vegna stoðþjónustu í leikskólum Garðabæjar.
8. 2501149 - Fundargerð stjórnar SSH frá 10/12 '25.
9. 2501492 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 28/11 '25.
10. 2502221 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 20/10 - 22/12 '25.
11. 2502040 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæðanna frá 17/12 '25.

Almar Guðmundsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
1. (971). fundur 2026

Þriðjudaginn 6. janúar 2026 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í Garðaholti.

Fundinn sátu: Margrét Bjarnadóttir forseti bæjarstjórnar, Almar Guðmundsson bæjarfulltrúi, Björg Fenger bæjarfulltrúi, Sigríður Hulda Jónsdóttir bæjarfulltrúi, Hrannar Bragi Eyjólfsson bæjarfulltrúi, Gunnar Valur Gíslason bæjarfulltrúi, Guðfinnur Sigurvinsson bæjarfulltrúi, Þorbjörg Þorvaldsdóttir bæjarfulltrúi, Ingvar Arnarson bæjarfulltrúi, Brynja Dan Gunnarsdóttir bæjarfulltrúi og Guðlaugur Kristmundsson bæjarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundurinn er hátíðarfundur í tilefni þess að 50 ár eru liðin frá því að Garðabær hlaut kaupstaðarréttindi. Fundurinn er hljóðritaður og streymt beint á vef bæjarins. Margrét Bjarnadóttir, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði. Fundargerð bæjarstjórnar frá 18. desember 2025 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2506155 - 50 ára afmæli Garðabæjar 2026

Almar Guðmundsson tók til máls.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir tók til máls.

Gunnar Valur Gíslason tók til máls.

Sigríður Hulda Jónsdóttir tók til máls.

Guðlaugur Kristmundsson tók til máls.

Brynja Dan Gunnarsdóttir tók til máls.

Bæjarstjórn óskar Ungmennafélagi Álfтанess til hamingju með 80 ára afmæli félagsins, sem stofnað var þann 6. janúar 1946.

2. 2601008 - Tillaga bæjarstjórnar í tilefni af 50 ára afmæli Garðabæjar.

Björg Fenger tók til máls og lagði fram eftirfarandi tillögu:

"Í tilefni af 50 ára afmæli Garðabæjar samþykkir bæjarstjórn Garðabæjar að vinna að byggingu samfélags- og viðburðarhúss í bænum.

Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarráði að undirbúa þarfagreiningu, staðsetningu, hönnun og framkvæmdir."

Greinargerð

Markmiðið með samfélags- og viðburðahúsi er að skapa nýjan kjarna fyrir menningu og samfélagslega starfsemi í Garðabæ. Stuðlað verði að virkri þátttöku ólíkra aldurshópa þannig að húsið verði lifandi hluti af daglegu lífi bæjarbúa, fremur en rými sem aðeins er nýtt við sérstök tilefni.

Ákveða þarf staðsetningu fyrir húsið og vinna vandaða þarfagreiningu, þar sem horft verði til að byggja upp sveigjanlegt og fjölnota rými sem verði í stöðugri notkun allt árið. Við þarfagreiningu verði litið til rýma sem nýtist til fjölbreytts viðburðahalds, sýninga, samkomna og skapandi

starfs.

Sérstök áhersla verði lögð á að bæta aðstöðu fyrir Bókasafn Garðabæjar og starfa með börnum og ungmennum, þar sem leik- og athafnarými verði samþætt menningar- og samfélagsstarfi hússins. Jafnframt verði horft til sameiginlegrar notkunar með Hönnunarsafni Íslands og annarri menningarstarfsemi.

Guðfinnur Sigurvinsson tók til máls.

Ingvar Arnarson tók til máls.

Hrannar Bragi Eyjólfsson tók til máls.

Framkomin tillaga samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar þriðjudaginn 6. janúar 2026 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Margrét Bjarnadóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)
Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

Fundargerð bæjarstjórnar Garðabæjar 6. janúar 2026 er lesin upp í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Margrét Bjarnadóttir

Alm

Þjóga Fenger

Sigridur Hede Jónsdóttir

Jóns

Gísli Ragnor Kristmundsson

Þorsteinn Pálsson

Þorsteinn Pálsson

Þorsteinn Pálsson

Anna Þóra Eiríksdóttir

Bæjarráð Garðabæjar
47. (2195). fundur 2025

Þriðjudaginn 23. desember 2025 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir varaformaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Guðný Hrönn Antonsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2511177 - Sunnuflöt 22 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Ásgeiri Helga Reyk fjörð Gylfasyni, kt. 220182-4529, leyfi fyrir viðbyggingu við suðurhlíð hússins, nýrri kjallarahæð, klæða húsið að utanverðu með dökkri álklæðningu, endurbætur og klæðningu á þakkanti ásamt innanhússbreytingum að Sunnuflöt 22.

2. 2512335 - Lóð fyrir hjúkrunarheimili í Vetrarmýri

Bæjarstjóri kynnti stöðu viðræðna við félags- og húsnæðismálaráðuneytið varðandi byggingu hjúkrunarheimilis í Vetrarmýri.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að útfæra samkomulag við ráðuneytið um framvindu málsins.

3. 2512252 - Úthlutunarreglur vegna stoðþjónustu í leikskólum Garðabæjar.

Sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs kynnti drög að úthlutunarreglum um stoðþjónustu í leikskólum.

Bæjarráð vísar reglunum til afgreiðslu bæjarstjórnar.

4. 2406794 - Skýrsla Jafnréttisstofu - Umönnunarbilið og þjónusta sveitarfélaga.

Skýrsla Jafnréttisstofu: Umönnunarbilið og þjónusta sveitarfélaga, lögð fram.

Bæjarráð vekur athygli á ungum aldri barna við inntöku í leikskólum Garðabæjar, þar sem svokallað umönnunarbíl milli fæðingarorlofs og leikskóladvalar barna er lítið eða ekkert.

5. 2510167 - Úrskurður um stjórnsýslukæru Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 154/2025 - Framkvæmdir við lóðamörk Fífumýri 15, dags. 10.12.25.

Lagður fram úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 154/2025 varðandi kæru á ákvörðun byggingarfulltrúa frá 19. september 2025, vegna byggingar bílskúrs á

lóðinni Fífumýri 15 og ákvörðun byggingarfulltrúa frá 17. september 2025 um að samþykkja breytta aðaluppdrætti fyrir bílskúrin.

Bæjarráð vísar málinu til byggingarfulltrúa og felur honum að koma til móts við þau tilmæli sem koma fram í úrskurðinum.

6. 2512286 - Erindi Skáksambands Íslands varðandi stuðning við Íslandsmótið í skák 2026, dags. 02.12.25.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindi um að veita stuðning við að Íslandsmót í skák 2026 verði haldið í Garðabæ.

Bæjarráð vísar málinu til afgreiðslu bæjarstjóra.

7. 2512288 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um leyfi fyrir áramótabrennu á Álftanesi.

Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að áramótabrenna verði á Álftanesi á gamlárskvöld enda verði öll tilskilin leyfi fyrir hendi.

8. 2512309 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um leyfi fyrir áramótabrennu við Sjávargrund.

Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að áramótabrenna verði við Arnarnesvog á gamlárskvöld enda verði öll tilskilin leyfi fyrir hendi.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 23. desember 2025 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
1. (2196). fundur 2026

Þriðjudaginn 13. janúar 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir varaformaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Ingvar Arnarson varamaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Guðný Hrönn Antonsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2507256 - Gjaldskrá stuðningsþjónustu Garðabæjar 2026.

Snædís Björnsdóttir lögfræðingur á velferðarsviði kynnti drög að nýrri gjaldskrá stuðningsþjónustu Garðabæjar 2026.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi gjaldskrá stuðningsþjónustu 2026.

2. 2507363 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Krókamýri 14.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 8. janúar 2026 varðandi fyrirspurn húseiganda að Krókamýri 14 um viðbyggingu við húsið til austurs. Húsið er parhús og liggur fyrir yfirlýsing meðeigenda að þau geri ekki athugasemd við útfærsluna.

Ekkert deiliskipulag telst í gildi í Mýrum.

Skipulagsnefnd vísaði tillögunni sem fylgdi fyrirspurninni til grenndarkynningar sem umsókn um byggingarleyfi í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynna skal lóðarhöfum að Krókamýri 8, 10 og 12, Fífumýri 1, 2 og 14 sem og Löngumýri 9, 11, 13 og 15.

3. 2502084 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Gilsbúð 9 (Sómi) stækkun byggingareits.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 8. janúar 2026 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Búða sem gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits á baklóð að Gilsbúð 9 og niðurfellingu kvaðar um holræsi að lokinni grenndarkynningu ásamt athugasemd sem borist hefur.

Gerð er athugasemd við að byggingarreitur sé stækkaður í átt að lóðum við Smiðsbúð og að fjarlægð á milli byggingarreita sé minni en 8 metrar.

Skipulagsnefnd benti á að í deiliskipulagi Búða eru dæmi þess að fjarlægð á milli byggingarreita er álíka mikil og tillagan gerir ráð fyrir. Við veitingu byggingarleyfis fyrir viðbyggingu verður að tryggja að fullt tillit sé tekið til nálægðar og kröfur um brunavarnir uppfylltar. Einnig var gerð athugasemd við neikvæð áhrif á ásynd en skipulagsnefnd telur vel hægt að útfæra byggingu þannig að ásynd sé sambærileg við aðrar atvinnubyggingar á sama skipulagssvæði.

Með vísan í ofangreint samþykkir skipulagsnefnd tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Búða í samræmi við 41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

4. 2512238 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Votakur 3 - Deiliskipulagsbreyting

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 8. janúar 2026 varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi Akra sem nær til lóðarinnar Votakur 3. Gert er ráð fyrir stækkun ytri byggingarreits til vesturs þar sem heimilt yrði að stækka kjallara og útbúa svalir ofan á viðbyggingu.

Skipulagsnefnd mat tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og vísaði henni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal lóðarhöfum að Votakri 1 og 5 og Stórakri 2, 4, og 6.

5. 2508222 - Úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála varðandi stjórnarsýslukæru nr. 129/2025 Borgarás, dags. 22.12.25

Lagður fram úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 129/2025, ásamt bréfi lögmanns kæranda.

Bæjarráð vísar málinu til úrvinnslu á umhverfissviði.

6. 2507256 - Tillaga um viðmiðunarfjárhæðir samkvæmt reglum um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts elli- og örorkulífeyrisþega.

Lögð fram eftirfarandi tillaga um viðmiðunarfjárhæðir samkvæmt reglum um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts elli- og örorkulífeyrisþega.

„Einstaklingar með tekjur árið 2024 allt að kr. 7.332.000 greiða ekki fasteignaskatt og holræsagjald. Afsláttur lækkar um 1% við hækkun tekna um kr. 6.400 og fellur niður ef tekjur fara yfir kr. 7.972.000. (Ath. að fjármagnstekjur falla undir tekjur).

Hjón og samskattaðir aðilar (elli- og örorkulífeyrisþegar):

Hjón með tekjur árið 2024 allt að kr. 9.331.000 greiða ekki fasteignaskatt og holræsagjald. Afsláttur lækkar um 1% við hækkun tekna um kr. 15.400 og fellur niður ef tekjur fara yfir kr. 10.871.000. (Ath. að fjármagnstekjur falla undir tekjur).

Ekki þarf að sækja um lækkunina.“

Tillagan byggir á hækkun á ellilífeyris í janúar 2026 (5,2% hækkun).

Bæjarráð samþykkir samhljóða framlagða tillögu.

7. 2512402 - Bréf innviðaráðuneytisins varðandi breytingu á reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, dags. 22.12.25.

Lagt fram.

8. 2601065 - Gátlisti Jafnréttisstofu til eflingar fjölbreytni í sveitarstjórnnum.

Lagt fram.

9. 2601042 - Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi árshelmingsskýrslu Betri samgangna ohf., dags. 06.01.26.

Lagt fram.

10. **2512400 - Bréf Samgöngustofu varðandi umsögn um geymslustað ökutækja vegna starfsleyfis til reksturs ökutækjaleigu að Kaupþúni 6, dags. 22.12.25.**
Afgreiðslu málsins frestað.
11. **2601072 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar UMF Stjórnunnar um tímabundið áfengisleyfi á Þorrablóti Stjórnunnar í Íþróttamiðstöðinni Mýrinni.**
Lögð fram umsókn Ungmennafélags Stjórnunnar um tækifærisleyfi vegna áfengisveitinga á þorrablóti í íþróttahúsinu Mýrinni 23. janúar 2026.
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.
12. **2601073 - Styrkbeiðni ME félags Íslands, dags. 07.01.26.**
Bæjarráð vísar bréfinu til úthlutunar styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun 2026.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 13. janúar 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

Íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar

46. fundur 2026

Miðvikudaginn 7. janúar 2026 kl. 08:00 kom íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Hrannar Bragi Eyjólfsson formaður, Harpa Rós Gísladóttir aðalmaður, Laufey Jóhannsdóttir aðalmaður, Harpa Þorsteinsdóttir aðalmaður, Arnar Hólm Einarsson aðalmaður, Kári Jónsson íþróttta-,tómstunda- og forvarnarfulltrúi, Gunnar Richardson tómstundafulltrúi og Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson, íþróttta-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2511152 - Íþróttafólk ársins 2025 - Íþróttahátíð Garðabæjar jan 26

Íþróttahátíð Garðabæjar verður haldin í Ásgarði sunnudaginn 11. janúar kl. 13:00. Viðurkenningar verða veittar til íþróttafólks ársins, karli og konu, þátttakendum með A-landsliðum eða Ungmenna landsliðum, árangur á erlendum vettvangi. Lið ársins í hópíþróttum valið og þjálfarar ársins. Einnig heiðursviðurkenningar fyrir störf að félagsmálum. Öllum fyrri íþróttamönnum ársins frá upphafi hefur verið boðið að mæta í tilefni 50 ára afmælisárs bæjarins. Íþróttafólk ársins 2025 eru Jón Þór Sigurðsson skotíþróttamaður og Lucie Martinsdóttir Stefaniková kraftlyftingakona. Lið ársins 2025 er meistaraflokkur Stjórnunnar í körfubolta karla. Þjálfarar ársins 2025 er þjálfarateymi Stjórnunnar í hópímleikum; Andrea Sif Pétursdóttir, Jimmy Erik Ekstedt, Kristinn Már Hjaltason, Tanja Kristín Leifsdóttir og Una Brá Jónsdóttir. Heiðursviðurkenning fyrir framlag til félagsmála í Garðabæ fá Agnar Jón Ágústsson hlaupahópi Stjórnunnar, Friðþjófur Thorsteinsson Ruiz skokkhópi Álftaness, Helgi Hrannarr Jónsson knattspyrnudeild Stjórnunnar og Sigrún Þorsteinsdóttir sunddeild Stjórnunnar.

2. 2601018 - Afreksstyrkir 2026 - fyrri úthlutun

ÍTG auglýsir opið fyrir umsóknir um afreksstyrki til 1. febrúar nk.

3. 2512360 - Umsókn um ferðastyrk íþróttta- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Jóns Þórs Sanne Engilbertssonar vegna British Open í Tækvondo 21.-25. mars 2025.

4. 2512314 - Umsókn um ferðastyrk íþróttta- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Jóns Þórs Sanne Engilbertssonar vegna NM í Tækvondo í Noregi 24.-27. janúar 2025.

5. 2512351 - Umsókn um ferðastyrk íþróttta- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Hrafnhildar M. Gunnarsdóttur vegna NM í hópímleikum í Finnlandi 6. nóvember 2025.

6. **2512343 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Atla Fannars Hlynssonar vegna NM í hóp fimleikum í Finnlandi 6. nóvember 2025.
7. **2512338 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Jóhanns Darra Harðarsonar vegna NM í hóp fimleikum í Finnlandi 6. nóvember 2025.
8. **2512329 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Laufeyjar Ingadóttur vegna NM í hóp fimleikum í Finnlandi 6. nóvember 2025.
9. **2512326 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Birtu Mjallar Valdimarsdóttur vegna NM í hóp fimleikum í Finnlandi 6. nóvember 2025.
10. **2512325 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
FÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Helenu Clausen Heiðmundsdóttur vegna NM í hóp fimleikum í Finnlandi 6. nóvember 2025.
11. **2512324 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Arnar Arnarsonar vegna NM í hóp fimleikum í Finnlandi 6. nóvember 2025.
12. **2512321 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Sverris Björgvinssonar vegna NM í hóp fimleikum í Finnlandi 6. nóvember 2025.
13. **2512319 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Axels Björgvinssonar vegna NM í hóp fimleikum í Finnlandi 6. nóvember 2025.
14. **2512316 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Andreu Arnþórsdóttur vegna NM í hóp fimleikum í Finnlandi 6. nóvember 2025.
15. **2512194 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Höllu Sóleyjar Jónasdóttur vegna NM í hóp fimleikum í Finnlandi 6. nóvember 2025.
16. **2512179 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Signýjar Láru Kristinsdóttur vegna EM ungmenna í kraftlyftingum í Litháen 3.-8. desember 2025

- 17. 2512310 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Benjamín Fanndal Sturluson vegna EM ungmenna í kraftlyftingum í Litháen 3.-8. desember 2025.
- 18. 2512418 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Bjarts Blæs Hjaltasonar vegna NM í hópfirmleikum í Finnlandi 6. nóvember 2025.
- 19. 2512417 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG Samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Ásgeirs Mána Ragnarssonar vegna NM í hópfirmleikum í Finnlandi 6. nóvember 2025.
- 20. 2512414 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG Samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Júlíans Mána Rakelarsonar vegna NM í hópfirmleikum í Finnlandi 6. nóvember 2025.
- 21. 2512413 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG Samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Sigríðar Jónu Sigurðardóttur vegna NM í hópfirmleikum í Finnlandi 6. nóvember 2025.
- 22. 2512380 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG Samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Guðrúnar Eddu Sigurðardóttur vegna NM í hópfirmleikum í Finnlandi 6. nóvember 2025.
- 23. 2512385 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG Samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Emmu Dísar Kristjánsdóttur vegna NM í hópfirmleikum í Finnlandi 6. nóvember 2025.
- 24. 2512458 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG Samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Ingunn Ragnarsdóttir vegna NM í hópfirmleikum í Finnlandi 6. nóvember 2025.
- 25. 2512470 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG Samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Elísabetar Millýar vegna leikja U19 í handbolta, færeyjum 13.06.2025.
- 26. 2512471 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG Samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Elísabetar Millýar vegna leikja U19 í handbolta, á HM í Svartfjallalandi 19.07.2025.
- 27. 2512477 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG Samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Atla Hrafns Hjartarsonar vegna tveggja ferða með U18

lið KKÍ á NM í Svíþjóð 25.-2.júlí og á EM í Rúmeníu 24.-4. ágúst 2025

28. 2601015 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG Samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Jóhanna Mjöll Jónasdóttir vegna NM í hópfirmleikum í Finnlandi 6. nóvember 2025.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Leikskólanefnd Garðabæjar
36. fundur 2025

Miðvikudaginn 17. desember 2025 kl. 08:00 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Margrét Bjarnadóttir formaður, Haukur Þór Hauksson aðalmaður, Inga Rós Reynisdóttir aðalmaður, Finnur Jónsson aðalmaður, Rakel Norðfjörð Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Hanna Halldóra Leifsdóttir leikskólafulltrúi, Þorgerður Anna Arnardóttir fulltrúi skólastjóra, Nicoleta Mihai fulltrúi starfsmanna og Ingi Örn Jónsson fulltrúi foreldra.

Fundargerð ritaði: Hanna Halldóra Leifsdóttir, leikskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2512218 - Verklag vegna meintrar óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni

Leikskólanefnd fagnar því að búið er að fara yfir verklagsreglur vegna meintrar óviðeigandi framkomu starfsmannas gagnvart barni með stjórnendum í leikskólum Garðabæjar. Samhliða því eru stjórnendur búnir að rýna húsnæði og dagskipulag starfstöðva með tilliti til öryggis barna og starfsmanna.

2. 2506455 - Leikskólar Starfsáætlun 2024-2025 Umbótaáætlun 2025-2026

Starfs- og umbótaáætlun bæjarrekinna leikskóla kynnt.

3. 2512252 - Úthlutunar reglur vegna stoðþjónustu

Margret Björk Björgvinsdóttir sérkennslufulltrúi kynnti drög að nýjum reglum um stoðþjónustu í leikskólum Garðabæjar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar

1. fundur 2026

Fimmtudaginn 8. janúar 2026 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Kjartan Vilhjálmsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir aðalmaður, Ingvar Arnarson varamaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Hlynur Elías Bæringsson áheyrnarfulltrúi, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs og Hrönn Hafliðadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Formaður skipulagsnefndar óskaði eftir því að einu máli væri bætt við dagskrá fundarins sem var ekki tilgreint í fundarboði. Nefndarmenn féllust á það. Er það 10. mál í þessari fundargerð.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2406836 - Miðbær, svæði I og II, Garðatorg 1, deiliskipulagsbreyting.

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Miðbæjar Garðabæjar, svæðis I og II, að lokinni auglýsingu. Athugasemdir og umsagnir sem borist hafa lagðar fram.

Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði.

2. 1405080 - Móar, endurskoðað deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Móa að lokinni auglýsingu. Athugasemdir og umsagnir sem borist hafa lagðar fram.

Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði.

3. 2512424 - Kumlamýri 25-27 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa að Kumlamýri 25-27 um hljóðmanir og uppsöfnun vatns á svæðinu.

Vísað til skoðunar hjá Umhverfissviði og skipulagsráðgjafa.

4. 2507363 - Krókamýri 14 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn húseiganda að Krókamýri 14 um viðbyggingu við húsið til austurs. Húsið er parhús og liggur fyrir yfirlýsing meðeigenda að þau geri ekki athugasemd við útfærsluna. Ekkert deiliskipulag telst í gildi í Mýrum.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni sem fylgir fyrirspurn til grenndarkynningar sem umsókn um byggingarleyfi í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynna skal lóðarhöfum að Krókamýri 8, 10 og 12, Fífumýri 1, 2 og 14 sem og Löngumýri 9, 11, 13 og 15.

5. 2505354 - Teistunes 1 - byggingareitur - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn um útfærslu breytinga að Teistunesi 1.

Vísað til skoðunar á umhverfissviði.

6. 2512238 - Votakur 3 - Deiliskipulagsbreyting

Lögð fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi Akra sem nær til lóðarinnar Votakur 3. Gert er ráð fyrir stækkun ytri byggingarreits til vesturs þar sem heimilt yrði að stækka kjallara og útbúa svalir ofan á viðbyggingu.

Skipulagsnefnd metur tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal lóðarhöfum að Votakri 1 og 5 og Stórakri 2, 4, og 6.

7. 2502084 - Gilsbúð 9 (Sómi) stækkun byggingarreits - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Búða sem gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits á baklóð að Gilsbúð 9 og niðurfellingu kvaðar um holræsi að lokinni grenndarkynningu ásamt athugasemd sem borist hefur.

Gerð er athugasemd við að byggingarreitur sé stækkaður í átt að lóðum við Smiðsbúð og að fjarlægð á milli byggingarreita sé minni en 8 metrar.

Skipulagsnefnd bendir á að í deiliskipulagi Búða eru dæmi þess að fjarlægð á milli byggingarreita er álíka mikil og tillagan gerir ráð fyrir. Við veitingu byggingarleyfis fyrir viðbyggingu verður að tryggja að fullt tillit sé tekið til nálægðar og kröfur um brunavarnir uppfylltar. Einnig er gerð athugasemd við neikvæð áhrif á ásynd en skipulagsnefnd telur vel hægt að útfæra byggingu þannig að ásynd sé sambærileg við aðrar atvinnubyggingar á sama skipulagssvæði.

Með vísan í ofangreint samþykkir skipulagsnefnd tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Búða í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

8. 2512239 - Skerpluholt 2 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa um útfærslu einbýlishúss.

Vísað til umsagnar deiliskipulagshöfundar.

9. 2512264 - Skerpluholt 13 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa um útfærslu einbýlishúss.

Vísað til umsagnar deiliskipulagshöfundar.

10. 2601093 - Dsk skóla- og íþróttasvæðis á Álftanesi - Endurskoðun

Tekin fyrir staða deiliskipulag skóla- og íþróttasvæðis á Álftanesi sem samþykkt var og staðfest í bæjarstjórn sveitarfélagsins Álftaness árið 2008. Uppbygging á svæðinu og aðliggjandi svæðum hefur verið umtalsverð síðan og þarfnast deiliskipulagið því endurskoðunar og aðlögunar að núverandi stöðu.

Formaður skipulagsnefndar leggur til að hafist verði handa við að endurskoða deiliskipulagið í heild sinni og móta tillögu að breytingu deiliskipulagsins í kjölfarið. Hafa skuli samráð við íbúa og aðra aðila sem nýta sér svæðið með ýmislegum hætti og kalla eftir hugmyndum og sjónarmiðum.

Skipulagsnefnd tekur undir tillögu formanns og vísar málinu til vinnslu á umhverfissviði.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**620. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, miðvikudaginn 10. desember 2025
og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmisdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þorbjörg Gísladóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Dagskrá:

1. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007

Fyrirliggjandi eru drög að þjónustusamningi við nýstofnað félag um almenningssamgöngur. Lögfræðingur SSH kynnir. Umræður.

Gestir

Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri umhverfissviðs Kópavogsbæjar

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Fulltrúum SSH í stýrihópi um verkefnið er falið að vinna áfram að drögum til samræmis við umræður fundarins.

2. Almyrkvi á sólu 12.08.2026 - 2504002

Forsætisráðherra hefur ákveðið að setja á fót stýrihóp innan Stjórnarráðsins sem hefur það hlutverk að samhæfa og samræma undirbúning vegna almyrkvans. Fulltrúi forsætisráðuneytisins mun leiða starf stýrihóps en í honum eiga að auki sæti fulltrúar annarra viðkomandi ráðuneyta. Jafnframt verður stofnaður aðgerðahópur en lagt er til að gerð verði tillaga um að framkvæmdastjóri Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins og fulltrúi frá Reykjavíkurborg verði fulltrúar höfuðborgarsvæðisins í þeirri vinnu. Framkvæmdastjóri kynnir.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar og framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.

3. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 142. fundar svæðisskipulagsnefndar dags. 28. nóvember 2025.

Niðurstaða:



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Lagt fram til kynningar

4. Samgöngusáttmálinn - Verkefni - 2003010

Fyrirliggjandi er fundarboð Betri samgangna ohf. vegna kynningarfundar um stöðu og framgang verkefna Samgöngusáttmálans. Kjörnum fulltrúum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og þingmönnum höfuðborgarsvæðisins er boðið til fundarins sem fram fer föstudaginn 9. janúar nk., kl. 9:00 á Hilton Reykjavík Nordica.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

5. Samráðshópur á sviði velferðarmála - fundargerðir - 2202013

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 10. desember 2025.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

Almar Guðmundsson bæjarstjóri Garðabæjar fór af fundi.

6. Önnur mál - 2110011

Umræða um málefni er varða "Brúum bilið" og nýja skýrslu aðgerðahóps forsætisráðherra um brúun bilsins á milli fæðingarorlofs og leikskóla. Óskað verði eftir sérstakri kynningu á skýrslunni á fundi stjórnar SSH í byrjun febrúar.

Vinnufundur stjórnar SSH vegna áhersluverkefna sóknaráætlunar 2026 hefur verið boðaður föstudaginn 16. janúar nk. kl. 13:00.

Gert er ráð fyrir að næsti reglulegi fundur stjórnar sem er áætlaður 5. janúar 2025 falli niður nema nauðsyn beri til fundar á þeim tíma.

Niðurstaða:

Umræður

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**142. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 28. nóvember 2025
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Ásgeir Sveinsson, Elís Guðmundsson, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir, Hákon Jónsson, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Hjördís Ýr Johnson, Ingvar Arnarson, Karen María Jónsdóttir, Magnús Ingi Kristmannsson, Orri Björnsson, Stefán Már Gunnlaugsson, Sævar Birgisson og Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri.

Fundargerð ritaði: Ásdís Ólafsdóttir, svæðisskipulagsstjóri

Formaður Hjálmar Sveinsson setti fund og stýrði. Orri Björnsson tók þátt í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá:

1. Kjósahreppur Aðalskipulag endurskoðað 2024-2036 - 2407003

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni frá Kjósahreppi úr skipulagsgátt Skipulagsstofnunar dags. 14. nóvember 2025 varðandi vinnslutillögu endurskoðaðs Aðalskipulags Kjósahrepps. Kynningartími málsins er til 12. desember nk.

Ráðgjafi frá Landmótun kynnti erindið og svaraði spurningum.

Gestir

Kristín Una Sigurðardóttir, ráðgjafi frá Landmótun -

2. Sundabraut - aðalskipulagsbreyting og umhverfismat - 2309014

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni frá Reykjavíkurborg úr skipulagsgátt Skipulagsstofnunar dags. 14. október 2025 varðandi drög að breytingum á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 sem varða hönnun og útfærslu Sundabrautar.

Samhliða er í kynningu umhverfismatsskýrsla framkvæmdarinnar ásamt fylgigögnum.

Á 141. fundi nefndarinnar þann 7. nóvember sl. var ákveðið að fengnir yrðu óháðir samgöngusérfræðingar til að rýna gögnin sem eru í kynningu með áherslu á áhrif framkvæmdarinnar og skipulagsáætlana á umferð, umferðaraukningu, dreifingu umferðar og dreifingu milli ferðamáta. Þar að auki væri áhersla á mögulegar mótvægisáðgerðir og aðrar áðgerðir sem ráðast mætti í til að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á höfuðborgarsvæðið. Niðurstöðunum yrði skilað sem minnisblaði. Á sama fundi var svæðisskipulagsstjóra falið að skrifa drög að umsögnum nefndarinnar og leggja fyrir nefndina.

Nú liggur minnisblað VSB verkfræðistofu fyrir og var það lagt fram á fundinum til



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

kynningar. Þá voru einnig drög að umsögnum við málin tvö lögð fram. Umræður fóru fram og svæðisskipulagsstjóra var falið að uppfæra drögin til samræmis við umræður fundarins og senda þau til samþykktar svæðisskipulagsnefndar með tölvupósti.

Þann 29. nóvember voru uppfærðar umsagnir sendar svæðisskipulagsnefnd til samþykktar.

Umsagnirnar voru samþykktar með 8 atkvæðum gegn 6 og svæðisskipulagsstjóra falið að senda þær.

Ásgeir Sveinsson, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir, Hákon Jónsson, Hildur Björnsdóttir, Hjördís Ýr Johnson og Orri Björnsson leggja fram eftirfarandi bókun:

„Svæðisskipulagið gerir beinlínis ráð fyrir Sundabraut sem hluta af norður-suður meginstofnvegi til að tryggja öruggt og gott flæði bílaumferðar. Umsögnin horfir fram hjá þessu meginmarkmiði, sem og mikilvægi tenginga milli sveitarfélaga, samkeppnishæfni svæðisins og framtíðaruppbyggingar innan vaxtarmarka, m.a. á Gufunesi og Geldinganesi.

Í umsögninni er vísað til þess að Sundabraut, í þeirri mynd sem hún er kynnt í umhverfismatinu, styðji ekki nægilega við meginmarkmið um breyttar ferðavenjur og því samræmist framkvæmdin ekki svæðisskipulaginu. Hér skiptir verulega máli hvaða leið verður fyrir valinu, en það getur varla talist að fækkun hjóltreidaferða um 1-2% leiði til þess að framkvæmdin teljist ekki samræmast svæðisskipulaginu í heild.

Núllkostur fær óeðlilega mikið vægi í umsögninni þrátt fyrir að uppfylla ekki meginmarkmið meginstofnvegakerfisins. Þá er of mikil áhersla á hlutföll virkra ferðamáta, sem eru undirmarkmið í svæðisskipulaginu en ekki skilyrði, á kostnað meginmarkmiðs 2.4 um greiða og örugga umferð fólks og vöru.

Hluti umsagnarinnar tekur til atriða sem falla utan verkssviðs svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, þar á meðal umfjöllunar um mögulega „dreifingu byggðar“ m.a. á Akranesi og Borgarnesi, sem ekki eru hluti af skipulagssvæðinu.

Undirrituð telja brýnt að Sundabraut verði að veruleika. Þótt vanda þurfi til verka og byggja verði á traustum gögnum er jafn mikilvægt að meta framkvæmdina í samhengi við heildarstefnu svæðisskipulagsins og megintilgang þess.”

Elís Guðmundsson, Helga Jónsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Karen María Jónsdóttir, Ingvar Arnarson og Stefán Már Gunnlaugsson leggja fram eftirfarandi bókun:

„Á fundi svæðisskipulagsnefndar 7. nóvember var einhugur um að fela svæðisskipulagsstjóra að fá óháða samgöngusérfræðinga til að rýna gögn vegna Sundabrautar. Gögnin skyldu rýnd með áherslu á áhrif framkvæmdarinnar og skipulagsáátlana á umferð, umferðaraukningu, dreifingu umferðar og dreifingu milli ferðamáta. Þar að auki væri áhersla á mögulegar mótvægisáðgerðir og aðrar áðgerðir sem ráðast mætti í til að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á höfuðborgarsvæðið. Niðurstöðunum skyldi skila til svæðisskipulagsstjóra sem minnisblaði samgöngu- og



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

umhverfisverkfræðinganna. Nefndin ræddi málið á fundi sínum 28. nóvember þegar svæðisskipulagsstjóri fór yfir tillögu sína að umsögn nefndarinnar og gerði grein fyrir fundi með fagráði skipulagsfulltrúa og Vegagerðinni. Athugasemdir sem komu fram á fundinum tók svæðisskipulagsstjóri til athugunar og hefur skilað nefndinni tillögum sínum til breytinga í ljósi umræðu.

Undirrituð þakka svæðisskipulagsstjóra fyrir faglegan og vandaðan undirbúning að umsögn nefndarinnar. Hlutverk hennar er að rýna skjöl Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar með tilliti til þess hvort og hvernig þau samræmist svæðisskipulaginu. Svæðisskipulagsnefnd tekur ekki ákvarðanir um verkefni sem slík heldur kemur með ábendingar ef greiningum eða gögnum er áfátt. Það er mjög mikilvægt hlutverk í undirbúningi þessa stóra og mikilvæga máls. Í markmiðakafla 2.4 kemur fram að sveitarfélögin taki frá rými í skipulagsáætlunum sínum fyrir mögulegar tilfærslur meginstofnvega, Vesturlandsvegur (Sundabraut) og Reykjanesbrautar. Æskilegt væri að svæðisskipulagsnefndin sameinaðist um umsögn nefndarinnar og gæti þannig stuðlað að vönduðum og faglegum undirbúning þessa stóra máls."

3. Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2023-2040 - Endurskoðun - 2312001

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni frá Hafnarfirði úr skipulagsgátt Skipulagsstofnunar dags. 27. október 2025 varðandi vinnslutillögu nýs aðalskipulags Hafnarfjarðar 2025-2040.

Ráðgjafi frá VSÓ ráðgjöf kom á 141. fund nefndarinnar þann 7. nóvember og kynnti erindið.

Kynningartími málsins var til 24. nóvember sl. Svæðisskipulagsnefnd hefur fengið frest þar til eftir 142. fund nefndarinnar.

Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að umsögn svæðisskipulagsnefndar.

Umsögnin var samþykkt samhljóða og svæðisskipulagsstjóra falið að senda hana.

4. RVK Hallar og nágrenni - 2511006

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni frá Reykjavíkurborg úr skipulagsgátt Skipulagsstofnunar dags. 13. nóvember 2025 varðandi lýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi er varða landnotkun og þróun byggðar í Höllum í Úlfarsárdal. Kynningartími málsins er til 11. desember nk.

Ekki hefur náðst að vinna drög að umsögn fyrir fund nefndarinnar. Lagt er til að svæðisskipulagsnefnd feli svæðisskipulagsstjóra að vinna drög að umsögn nefndarinnar og senda þau til samþykktar svæðisskipulagsnefndar með tölvupósti. Í framhaldi af því yrði svæðisskipulagsstjóra falið að senda umsögn nefndarinnar í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

Samþykkt.

5. KÓP Kársnesstígur á sunnanverðu Kársnesi - 2511005

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni frá skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Kópavogsbæ dags. 13. nóvember 2025 varðandi vinnslutillögu nýs deiliskipulags vegna Kársnesstígs á sunnanverðu Kársnesi. Kynningartími málsins er til 8. janúar nk.

Lagt er til að svæðisskipulagsstjóra sé falið að skoða málið nánar og meta hvort nefndin skili umsögn. Sé ástæða til að skila inn umsögn verða drög að umsögn send nefndinni í tölvupósti til samþykktar. Í framhaldi af því yrði svæðisskipulagsstjóra falið að senda umsögn nefndarinnar í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

Samþykkt.

6. Um meðferð umsagna fram að fyrsta fundi nefndarinnar árið 2026 - 2003003

143. fundur nefndarinnar er áætlaður þann 16. janúar 2026.

Mögulegt er að umsagnarbeiðnir berist svæðisskipulagsnefnd fram að þeim tíma sem krefjast afgreiðslu nefndarinnar. Telji svæðisskipulagsstjóri nauðsynlegt að nefndin skili umsögnum við erindi fyrir fyrsta fund ársins 2026, verða umsagnardrög send nefndinni til samþykktar í tölvupósti. Ef um umfangsmeiri mál er að ræða yrði boðað til aukafundar nefndarinnar.

Samþykkt.

Næsti fundur nefndarinnar er fyrirhugaður þann 16. janúar 2026.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

413. fundur

Mánudaginn 20. október 2025 var haldinn fjarfundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30.

Mætt voru:

Kristín Thorarensen (KT) Lovísa Jónsdóttir (LJ), Magnús Örn Guðmundsson (RJ), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) sem ritaði fundargerð.

Tekið fyrir:

1. Hleðsluútboð.

1. Hleðsluútboð

Sigurður Guðjón, sérfræðingur frá Cowi, Hrafn Leó Guðjónsson, ráðgjafi frá Enord og Guðmundur Siemsen, lögfræðingur frá Advel sátu fundinn undir þessum lið.

Sigurður fór yfir minnisblað um niðurstöðu útboðs á hleðsluinnviðum.

Stjórn óskaði eftir nánari upplýsingum um málið í samræmi við umræðu og verður umræðum framhaldið á næsta stjórnarfund.

Fundi slitið 10:00

Fylgiskjöl:

Alexandra Briem

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Hjördís Ýr Johnsson

Kristín Thorarensen.

Lovísa Jónsdóttir

Magnús Örn Guðmundsson

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

414. fundur

Miðvikudaginn 22. október 2025 var haldinn fjarfundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30.

Mætt voru:

Kristín Thorarensen (KT) Lovísa Jónsdóttir (LJ), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) sem ritaði fundargerð.

Tekið fyrir:

1. Hleðsluútböð.

1. Hleðsluútböð

Umræðum áframhaldið og fór Sigurður Guðjóns Jónsson, ráðgjafa frá Cowi og Guðmundur Siemsen, lögfræðingur frá Advel yfir málið eftir umræður síðasta stjórnarfund þann 20. október 2025. Stjórn óskaði eftir að framkvæmdastjóri aflaði frekari upplýsinga og verður umræðum framhaldið á næsta stjórnarfund.

Fundi slitið 10:00

Fylgiskjöl:

Alexandra Briem

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thorarensen.

Lovísa Jónsdóttir

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

415. fundur

Miðvikudaginn 5. nóvember 2025 var haldinn fjarfundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30.

Mætt voru:

Kristín Thorarensen (KT) Lovísa Jónsdóttir (LJ), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Alexandra Briem (AB) og Magnús Örn Guðmundsson
Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) sem ritaði fundargerð.

Tekið fyrir:

1. Hleðsluútboð.

1. Hleðsluútboð

Anton Björn Markússon, lögmaður sat fundinn. Umræðum áframhaldið og fór Anton Björn, lögmaður yfir málið. Stjórn óskaði eftir að framkvæmdastjóri aflaði frekari upplýsinga og verður umræðum framhaldið á næsta stjórnarfund.

Fundi slitið 10:00

Fylgiskjöl:

Alexandra Briem

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thorarensen.

Lovísa Jónsdóttir

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

416. fundur

Föstudaginn 14. nóvember 2025 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30.

Mætt voru:

Kristín Thorarensen (KT) Lovísa Jónsdóttir (LJ), Magnús Örn Guðmundsson (RJ), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) og Sigurborg Þórarinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Tekið fyrir:

1. Innri endurskoðun.
2. Útboð á hleðsluinnviðum.
3. Árshlutauppgjör janúar til september 2025.
4. Starfsáætlun.
5. Vagnastaðan..

1. Innri endurskoðun.

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð Deloitte í innri endurskoðun og drög að endurskoðunaráætlun sem er til umsagnar hjá endurskoðunarnefnd Strætó.

2. Hleðsluútboð.

Umræður um útboð á hleðsluinnviðum. Framkvæmdastjóra falið að senda út tilkynningu um niðurstöðu útboðs í samræmi við ákvörðun stjórnar. Guðmundur Siemsen lögmaður og Sigurður Guðjóns Jónsson, ráðgjafi frá Cowi sátu fundinn undir þessum lið.

3. Árshlutauppgjör janúar til september 2025..

Elísa Kristmannsdóttir, fjármálastjóri fór yfir árshlutauppgjör. Stjórn samþykkir árshlutauppgjórið.

4. Starfsáætlun 2026

Umræður um starfsáætlun 2026 í ljósi fyrirhugaðra breytinga á skipulagi almenningssamgangna. Rætt áfram á næsta stjórnarfund.

5. Vagnastaðan

Framkvæmdastjóri fór yfir vagnstöðu. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

Fundi slitið 10:00

Fylgiskjöl:

Alexandra Briem

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thorarensen.

Lovísa Jónsdóttir

Magnús Örn Guðmundsson

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

417. fundur

Föstudaginn 12. desember 2025 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30.

Mætt voru:

Kristín Thorarensen (KT) Lovísa Jónsdóttir (LJ), Magnús Örn Guðmundsson (RJ), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) og Sigurborg Þórarinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Tekið fyrir:

1. Hleðsluútboð.
2. Starfsáætlun 2026.
3. Vagnastaða.
4. Nýtt félag/starfsmannafundur.

1. Hleðsluútboð

Sigurður Guðjón Jónsson, ráðgjafi frá Cowi og Hrafn Leó Guðjónsson ráðgjafi frá Enord komu á fundinn og fóru yfir stöðuna á nýju útboði um hleðsluinnviði Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að auglýsa að nýju útboð um hleðsluinnviði.

2. Starfsáætlun 2026

Drög að starfsáætlun 2026 lögð fram. Stjórn samþykkir framlagða starfsáætlun.

3. Vagnastaða.

Framkvæmdastjóri fór yfir vagnastöðu Strætó. Málið verður rætt frekar á næsta fundi.

4. Nýtt félag

Örn Guðmundsson, stjórnarformaður Almenningsamgagna höfuðborgarsvæðisins ohf og Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, ráðgjafi frá Expectus komu á fundinn og fóru yfir stöðuna, kynntu drög að samstarfi, verkefni næstu vikna og samstarf við stjórn Strætó næstu vikunnar. Alexandra og Jóhannes fóru yfir starfsmannafund sem haldin var með starfsmönnum Strætó. Umræðum verður framhaldið á næsta fundi.

Fundi slitið 10:05

Fylgiskjöl:

Alexandra Briem

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thorarensen.

Lovísa Jónsdóttir

Magnús Örn Guðmundsson

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

418. fundur

Föstudaginn 17. desember 2025 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 12:00.

Mætt voru:

Kristín Thorarensen (KT) Lovísa Jónsdóttir (LJ), Magnús Örn Guðmundsson (RJ), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) og Sigurborg Þórarinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Tekið fyrir:

1. Vagnastaða.
2. Nýtt félag
3. Starfskjaranefnd

1. Vagnastaða.

Hrafnhildur Kristinsdóttir, lögfræðingur frá Advel tók sæti undir þessum lið. Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram í samræmi við ákvarðanir og umræður á fundinum

2. Nýtt félag

Umræður um næstu skref, framkvæmdastjóra var falið að senda til SSH vangaveltur stjórnar varðandi málið.

3. Starfskjaranefnd

Framkvæmdastjóri og Sigurborg Þórarinsdóttir viku af fundi fyrir þennan lið.

Fundi slitið 13:30

Fylgiskjöl:

Alexandra Briem

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thorarensen.

Lovísa Jónsdóttir

Magnús Örn Guðmundsson

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

419. fundur

Föstudaginn 22. desember 2025 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 12:00.

Mætt voru:

Kristín Thorarensen (KT) Lovísa Jónsdóttir (LJ), Magnús Örn Guðmundsson (RJ), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) og Sigurborg Þórarinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Tekið fyrir:

1. Nýtt félag
2. Starfskjaranefnd

1. Nýtt félag

Farið var yfir samstarf stjórnar Strætó og stjórnar Almenningsgangna höfuðborgarsvæðisins næstu mánuði. Lögð fram drög að viljayfirlýsingu milli félaganna. Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að skrifa undir fyrir hönd stjórnar.

2. Starfskjaranefnd

Framkvæmdastjóri og Sigurborg Þórarinsdóttir viku af fundi fyrir þennan lið.

Farið var yfir starfskjarastefnu, starfsreglur starfskjaranefndar og aðrar niðurstöður nefndar. Einnig voru lagðar fram fundargerðir starfskjaranefndar fyrir fundi nefndarinnar árið 2025. Stjórnin samþykkti tillögur starfskjaranefndar.

Fundi slitið 13:30

Fylgiskjöl:

Alexandra Briem

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thorarensen.

Lovísa Jónsdóttir

Magnús Örn Guðmundsson

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2025, miðvikudaginn 17. desember var haldinn 433. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14 og hófst kl. 07:50.

Mættir: Sara Björg Sigurðardóttir formaður, Andri Sveinn Hilmarsson Kópavogi, Bjarni Th. Bjarnason Garðabæ, Kristín Thoroddsen Hafnarfirði, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi og Sævar Birgisson Mosfellsbæ.

Jafnframt: Magnús Árnason, Atli Steinn Árnason og Helga Björnsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á Skíðaráði Reykjavíkur.

Guðmundur Guðjónsson og Einar Hrafn Hjálmarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Samstarfsnefnd skíðasvæðanna þakkar fyrir kynningu frá Skíðaráði Reykjavíkur en mikið og gott starf fer fram undir hatti þeirra. Óskar samstarfsnefndin eftir því að unnar verði vinnu- og verklagsreglur til að tryggja betur öryggi almennings og æfingahópa til að koma í veg fyrir blöndun hópanna. Vinnan yrði síðan kynnt fyrir samstarfsnefndinni og mikilvægt að í henni verði unnið með öllum hagaðilum, þar með talið Brettafélag Hafnarfjarðar og skíðadeild Breiðabliks. Samhliða þarf að liggja fyrir kostnaðarmat ef þarf að leggja út í kostnað tengdan öryggismálum.

2. Fram fer kynning á drögum að ofanflóðahættumati fyrir Bláfjöll.

Magni Hreinn Jónsson fagstjóri ofanflóða hjá Veðurstofunni og Jón Gunnar Einarsson sérfræðingur ofanflóðahættumats hjá Veðurstofunni taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Ármann Ragnar Ægisson skíðagæslumaður í Bláfjöllum og Guðmundur Guðjónsson Skíðaráði Reykjavíkur taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Samstarfsnefnd skíðasvæðanna þakkar fyrir kynningu á drögum að snjóflóðahættumati í Bláfjöllum og Skálafelli. Telur samstarfsnefndin mikilvægt að bregðast við ábendingum sem koma fram í hættumatinu með mótvægisáðgerðum bæði til skemmri og lengri tíma að umsagnatíma liðnum. Þá óskar samstarfsnefndin eftir því við SSH að farið verði í vinnu við að koma til móts við ábendingar og drögin af áhættumatinu verði kynnt eigendavettvangi. Sú vinna verði kynnt fyrir samstarfsnefnd skíðasvæðanna og SSH þegar vinnan tilbúin. Telur samstarfsnefndin mikilvægt að reglugerðin endurspegli betur starfsumhverfi skíðasvæðanna.

- kl. 09:18 vikur Sævar Birgisson af fundi.

3. Rætt um þjónustukönnun um skíðasvæðið í Bláfjöllum, sem fram mun fara í janúar 2026.

Vill samstarfsnefndin þakka fyrir góða vinnu við fyrstu þjónustukönnun skíðasvæðanna eftir að fyrsta áfanga við uppbyggingu í Bláfjöllum er lokið.

Jóhanna Garðarsdóttir deildarstjóri á skrifstofu menningar- og íþróttasviðs tekur sæti á

4. Forstöðumaður fór yfir stöðuna í fjöllumunum. Stefnt er á opnun fyrir jól.

Fundi slitið kl. 09:55.

Sara Björg Sigurðardóttir

Andri Sveinn Hilmarsson
Kristín Thoroddsen

Magnús Örn Guðmundsson
Bjarni Th. Bjarnason